

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Laugardalshrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulag þetta öðlast þegar gildi.

Geysi, Biskupstungnahreppi, 22. nóvember 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 - 2012.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfissráðherra þann 22. nóvember 2001 staðfest aðalskipulag Biskupstungnahrepps 2000 - 2012.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Sveitarstjórn Biskupstungnahrepps hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulag þetta öðlast þegar gildi.

Geysi, Biskupstungnahreppi, 22. nóvember 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum.

1. gr.

Við 1. gr. 1.1 bætast eftirfarandi skilgreiningar:

- Eldishópur:** Einn hópur jafngamalla alifugla sem er alinn í sama eldishúsi þar sem allir fuglar hafa aðgang að sama eldisrými.
- Sláturhópur:** Eldishópur eða hluti af eldishópi sem slátrað er á sama degi.
- Framleiðandi:** Fyrirtæki eða einstaklingur/einstaklingar sem elur alifugla á einum eða fleiri stöðum.
- Gerlafræðileg rannsókn:** Rannsóknaraðili og rannsóknaraðferðir skulu vera viðurkenndar af embætti yfirdýralæknis.

2. gr.

Við 6. gr. bætast eftirfarandi málsgreinar:

Framleiðandi skal einkenna hvern kjúklinga-, kalkúna- og andaeldishóp í útungunarstöð með sérstöku rekjanleikanúmeri. Númer þetta skal vera minnst átta tölustafir og skal vera þannig uppbyggt að fyrstu þrjú tölustafirnir merkja alifuglaframleiðandann, síðan koma tveir tölustafir fyrir árið, tveir fyrir vikuna sem ungarnir eru klaktir og að lokum einn stafur fyrir eldishópinn. Framleiðandi sláturfugla skal sjá til þess að rekjanleikanúmer eldishópsins fylgi honum til slátrunar. Öll sýni úr útungunar- og eldishópum skulu auðkennd með rekjanleikanúmerinu.

Framleiðandi skal starfrækja innra eftirlit til að tryggja gæði, öryggi og hollustu alifuglaafurða. Innra eftirlit skal viðurkennt af viðkomandi héraðsdýralækni.

3. gr.

Grein 11.9 hljóði svo:

Sendu skal sýni úr varpfluglum til gerlafræðilegra rannsókna samkvæmt eftirfarandi reglum:

| | |
|--------------|--------------|
| 2-4 vikna: | 60 saursýni. |
| 12-15 vikna: | 60 saursýni. |

4. gr.

Við 13. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

Sendu skal sýni úr varpfluglum til gerlafræðilegra rannsókna samkvæmt eftirfarandi reglum:

| | |
|--------------|--------------|
| 25-30 vikna: | 60 saursýni. |
| 55-60 vikna: | 60 saursýni. |

5. gr.

Grein 14.5 hljóði svo:

Sýnataka úr kjúklingaeldi til gerlafræðilegra rannsókna skal fara fram með eftirfarandi hætti:

- Vegna salmonella: Taka skal 60 saursýni þegar fuglar eru 14 - 21 daga gamlir.
- Vegna hitaþolinna campylobactersýkla: Taka skal 10 saursýni 2 - 5 daga fyrir slátrun.

6. gr.

Við 15. gr. bætast eftirfarandi málsgreinar:

Slátra skal öðrum alifuglum 14 dögum fyrir slátrun til gerlafræðilegra rannsókna, að lágmarki 10 fuglum.

Einnig er heimilt að framkvæma sýnatökur með öðrum hætti, að fengu samþykki yfirdýralæknis.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, lögum nr. 46/1991 um búfjárhald, forðagæslu o.fl. og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 88/2000 og 433/2000 um breytingu á reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. nóvember 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.